

***BORGARRÁÐ 16. apríl 2020: Bókun áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins við trúnaðarmerkt bréf mannauðs- og starfsumhverfissviðs með tillögu hæfnisnefndar að næstu skrefum í ráðningu borgarritara - R20020016***

Flokkur fólksins hefur ítrekað beiðni um samtal við þá sem koma til greina í starf borgarritari og vill að þeir sem koma til greina komi inn á fund borgarráðs og gefi fulltrúum tækifæri til að eiga samtal og spyrja umsækjendur spurningar. Fulltrúa Flokks fólksins finnst brýnt að kjörnir fulltrúar fái að taka einhvern þátt í vali á nýjum borgarritara. Fulltrúa Flokks fólksins finnst ekki duga að fá upplýsingar um þá sem koma til greina í starfið með skriflegum hætti. Minna skal á að borgarritari er embættismaður minnihlutafulltrúa jafnt og meirihlutafulltrúa. Fulltrúa Flokks fólksins finnst mikilvægt að fá tækifæri með beinum hætti til að m.a. fullvissa sig um að viðkomandi hafi hvergi borið niður fæti opinberlega í stjórnámálum eða verið tengdur stjórnámálaflokkum og að hann/hún sé eins hlutlaus og manneskja getur mögulega verið. Aðeins þannig mun viðkomandi geta starfað fyrir og með öllum borgarfulltrúum jafnt. Athuga skal að borgarfulltrúar minnihlutans höfðu enga aðkomu að gerð reglna um ráðningarferil sem fylgt er í þessu sambandi. Þær reglur voru samdar og ákveðnar einhliða í það minnsta ekki með neinni aðkomu minnihlutafulltrúa. Hér skiptir máli að læra af reynslu, vanda sig og gæta þess að allir fái tækifæri til að mynda sér alvöru skoðun.